

LJÓÐAFLÓÐ!

LJÓÐASAMKEPPNI GRUNNSKÓLANEMA 2024

Úrval ljóða frá miðstigi:

Vetrarljóð

Það er komin vetur,
laufin missa litinn.
Myrkrið tekur yfir
en hjartað ennþá lifir.

Sylvia, 5. bekk Dalskóla

Ég sé ljós

Ég sé ljós á bláum himni,
allt er svo bjart
en þegar sólin dregur sig til mín
þá verður grasið aftur grænt.

Aþena Ósk, 5. bekk Dalskóla

Sveitaenglar

Í sveitinni minni eru dýr út um allt,
kindur að jarma, hestar að hneggja og kýr að baula.
Úti er nístingskuldi og krakkar að leika í snjónum,
vináttan er hafin og ofbeldi farið.

Una Karen, Anna Kolbrún og Hrafnhildur Björk, 5. bekk Dalskóla

Köld vetrarnótt

Það er haust og laufin falla en í landinu mínu er vetur að kalla.
Ástin mín er eins og jólin að kalla á þig.
Komdu með mér og gerum það sem þú vilt gera á köldum vetrarkvöldum.

Una Karen, Hrafnhildur Björk og Anna Kolbrún, 5. Bekk Dalskóla

Jólin nálgast

Það eru að koma jól,
vetrarfrostið er úti,
og jólahljájan inni.
Ég sit í sófanum og drekk kakó,
horfi á jólaljósina sem blikka og skína skært.
Búið er að kaupa allar jólagjafirnar
og krakkarnir bíða, með augun full af von.
Allir eru með svo mikið jólastress,
að við tökum ekki eftir hvert öðru,
í gleðinni og straumnum.
Á aðfangadag elska fullorðnir að borða
en krakkarnir bíða eftir gjöfunum með tilhlökkun.
Það er hávaði, það er hlátur, það er hátíð,
en innra með okkur er eitthvað einstakt.
Við borðum saman og opnum gjafir,
þegar líða fer á daginn, þá finnum við frið.
Jólin eru þekkt fyrir smáu augnablikin
sem tengja okkur saman.

Hjördís Emma Arnarsdóttir, 7. bekk Belamerkurskóla

Nú er heitt og þurr.
Auk þess bjart og fallett,
íslenskt sumar er stuð.

Óliver Ágúst Magnússon, 7. bekk Stapaskóla

Jól frá sjónarhorni flóttabarna

Þessi jól fékk ég enga pakka,
en ég er þakklát fyrir mömmu, henni ég þakka.
Ef ég hefði óskalista myndi standa bara eitt,
skjól sem hægt væri að sofa í því ég er þreytt.

Freyja Sif Andysdóttir, 7. bekk Stapaskóla

Fuglasöngur

Allskyns fjöður út um allt,
þjart er úti þótt sé kalt,
fuglasöngur bergmálar
út um allt hann hljómar.

Nóttin fellur dimm og hljóð
fuglar hætta að semja ljóð,
sumir ferðast landi frá,
aðrir eru börnum hjá.

Emma Dröfn Ívarsdóttir, 7. bekk Vallaskóla

Ég og Stína

Ég var að borða appelsínu,
þegar ég hitti hana Stínu.
Hún var í einhverju fínu.
Síðan borðuðum við eina rúsínu.

Við fórum út í sólskin og blíðu
og við skemmtum okkur með henni Fríðu.
Síðan fórum við í Arnarsíðu
og fengum þar kleinuástríðu.

Alexander Örn Björgvinsson, 7. bekk Vallaskóla

Hún mamma mín

Hún situr þar í vorinu góða.
Blómin ilma og fuglarnir syngja.
Sáuð þið hana mömmu mína?
Situr þar og bíður.
Mamma mín falleg er,
alveg eins og blómin sem hún tínir.

Elísabet Kristel Þorsteinsdóttir, 7. bekk Vallaskóla

Sólin skín

Að morgni, snemma þegar dagur rís
og fjöllin þagna í morgunsól sem skín.
Hjarta mitt slær með þig mér við hlið.
Við göngum saman, í friði og ró.

Henry James Pew, 7. bekk Vallaskóla

Dagurinn minn

Við förum oft í skólann
en stundum helgi er
Svo kemur aparólan
og þangað oft ég fer

Svo kemur heimsfræði
og við lærum mikið þar
Okkur finnst hún æði
og við viljum fá svar

Við elskum öll frímó
og íþróttirnar líka
Við leikum okkur út í snjó
og flestir eru að kíkja

Allir eru svangir
og bíða eftir mat
Dagarnir eru langir
og það er ekki plat

Við förum oft í leiklist
og smíðatíma svo
Kannski getum við gist
en hver þarf að þvo

Við förum líka í ART
og stærðfræðitíma
Við erum rosa smart
því við kunnum að ríma

Í UT er rosa gaman
við minecraft förum í
Þarna kemur daman
hvað gerum við í því

Í frjálsum tíma er gaman
þar erum við í leik
Það leika allir saman
en sumir eru í sleik

Síðan förum við heim
og gerum eitthvað þar
en ekki út í geim
því það er enginn þar

Við syngjum eitt lag
og fáum okkur mjólk
Losum okkur við þvag
og hittum eitthvað fólk

Það er fótbolta æfing
og við förum hana á
Ég er komin með sting
og hann er ekkert smá

Fer inn í herbergi að leika
og kveiki á tölvunni
Fer í gegnum erfiðleika
þótt ég leikinn kunni

Ég hringi í vin minn
og spyr hann hvort hann komi út
því hann er besta skinn
en við sjáum engan hrút

Núna er blak
og við elskum það
Ég fór á hestbak
og lagði af stað

Það sem er í matinn
er pítsan góð
Ég vona að ég vinni með þetta ljóð

Núna er ég þreyttur
alveg eins og vofa
Bærinn er skreyttur
svo ég er farinn að sofa

*Sævar Hjalti Þorsteinsson,
Steinar Freyr Pálmason,
Kristján Pétur Runólfsson,
7. bekk Grunnskóla Grundarfjarðar*
